

Nd.

212. Frumvarp

til laga um sölu á prestssetrinu Hvanneyri og kirkjujörðinni Leyningi í Siglufirði.

Flutningsm.: Stefán Stefánsson og Einar Árnason.

1. gr.

Landsstjórninni veitist heimild til að selja bæjarstjórn Siglufjarðarkaupstaðar prestssetrið Hvanneyri og kirkjujörðina Leyning. Undanskilið sölunni er íbúðarhús prestssetursins og önnur jarðarhús, heimatúnið þar, c. 32400 m², haglendi fyrir skepnur prestsins, svo og rjettur til mótaks í jörðinni Leyningi eftir þörfum hans.

2. gr.

Landsstjórnin ákveður kaupverðið, eftir undirbúning samkvæmt lögum nr. 50, 16. nóv. 1907, um sölu kirkjujarða.

Greinargerð.

Siglufjörður er verst settur allra kaupstaða landsins að því, er kaupstaðarlóðina snertir. Reykjavík, Akureyri, Ísafjörður, Seyðisfjörður og Hafnarfjörður eiga ekki einungis lóð þá, er húsabyggingin í hverjum kaupstað nær yfir, heldur miklu meira land. Siglufjörður á ekki þumlung af landi. *Siglufjörður þarf, eins og aðrir kaupstaðir landsins, að eiga sig sjálfur.* Hið íslenska löggjafarvald hefir líka oft sýnt þá stefnu að styðja og styrkja bæjarfjelögin í því, að bæirnir eignist landið, sem þeir standa á, og það jafnvel þótt eigi væri að ræða um bæ með kaupstaðarrjettindum eða jafnmiklum fólksfjölda og Siglufjarðar. Bæjarfjelaginu mun það verða vænlegast til þroska og framfara, að kaupstaðarlóðin verði í höndum þess sjálfs og fái auk þess land til ræktunar; slíkt er skilyrði fyrir vexti og viðgangi bæjarins, sem aftur leiðir af sjer auknar tekjur í landssjóð. Landinu í heild sinni er það og fyrir bestu, að numdar sjeu í burtu óheppilegar hömlur fyrir framförum og eflingu kaupstaðarins.

Siglufjörður þarf að fá land það, sem tillagan fer fram á, m. a. af þessum ástæðum:

1. Til þess að bæjarstjórn og bæjarfjelaði geti ráðið byggingu húsa, legu og fyrirkomulagi gatna innan kaupstaðarins.
2. Til þess að hafa beitarland handa búpeningi þeim, sem er í kaupstaðnum og mesta nauðsyn er á að aukist.
3. Til þess að auka jarðræktun kringum kaupstaðinn, og auka með því mjólkurframleiðsluna, sem er skilyrði fyrir vexti bæjarins.
4. Til þess að hagnýting og umráð jarðanna fari meira eftir hagsmunum almennings en ef eignin væri í umráðum og hagnýtingu privatmanns — enda þótt prestur væri.

5. Til þess að fyrirbyggja í framtíðinni hugsanlegar — jafnvel líklegar — deilur bæjarvaldsins og bæjarbúa annars vegar og Hvanneyrarprests hins vegar, út af hagnýtingu og umráðum jarðanna og óhjákvæmilegum ágangi búpenings bæjarbúa á jörðina.
6. Af því að Siglufjarðarkaupstaður ætlar að leggja stórfje af mörkum til hafnarbóta, en getur það ekki nema að eignast landið í kring.

Um 1.

Núverandi ástand er það, að presturinn á Hvanneyri getur mælt út svæði til byggingar þar og þeim, sem *hann vill* leigja, og það þau svæði að sjálfsögðu, sem hann telur *sjer* hagkvæmast að leigja, án tillits til þess, hvernig aðstaðan og húsaröðin í bænum við það kynni að líta út. Atvinnurekstri, sem honum ekki t. d. sýndist um, en bænum væri til stórra framfara, gæti hann algerlega neitað um land eða að minsta kosti látið leiginguna vera þeim erfðleikum bundna, er væri atvinnurekstrinum til stórhömlunar. Umráðamaður jarðanna gæti neitað, að láta land undir götu, nema þá með afarkjörum, og þótt semja mætti lög um heimild fyrir bæjarfjlagið til þess að taka nauðsynlegt land undir götu, þá mundi af því geta risið sifeldar deilur og óánægja út af slíkum málum milli bæjarstjórnar og umráðamanns Hvanneyrar, deilur, sem væri æskilegt að fyrirbyggja. Þar sem umráðamaður jarðarinnar þannig getur ráðið stærð hinna leigðu grunna, getur myndast afaróheppilegt og ófullnægjandi fyrirkomulag bygginga í bænum, en það úrræðið, að taka af of stórum grunnum og steypa saman of litlum, yrði svo dýrt, að það yrði ekki framkvæmanlegt vegna kostnaðar. Það yrði líka því örðugra viðfangs, þar sem bæði væri við leigutaka og leigjanda lóðanna að eiga.

Um 2.

Hið ræktaða land — Hvanneyrartúnið — er grýtt og harðbalakent, og mundi kosta mikið fje, ef gera ætti þar miklar jarðabætur til þess að auka töðuframleiðsluna. Það yrði dýrt fyrirtæki, sem bæði mundi vera ofvaxið þeim privatmanni — presti —, er byggi á jörðinni, og þar að auki ekki svara kostnaði. Aftur á móti mundi bærinn *geta* ráðist í slíkt, og *mundi gera* slíkt af óhjákvæmilegri þörf til aukinnar mjólkurframleiðslu, án tillits til kostnaðarins. Eins og nú stendur er mjólkurskorturinn tilfinnanlegur fyrir bæjarbúa, svo að ungbörnin skorta jafnvel á stundum, hvað þá heldur ef bærinn yxi.

Um 3.

Bæjarbúar verða með búpening sinn undir högg að sækja með sumarheit í landi þessara kirkjujarða. Bærinn þyrfti að eiga beitarlandið, svo að ekki yrði hægt í framtíðinni að setja eigendum búpeningsins stólinn fyrir dyrnar. Þetta atriði kynni í framtíðinni að geta orðið til þess fallið að vekja óánægju milli prestsins á jörðinni og bæjarbúa, þótt ekki hafi brytt á því við núverandi prest, sem hefir sýnt mikla ósjerplægni og lipurð í þessu efni, en líka oft orðið fyrir ágangi á jörðina.

Um 4.

Það er næsta auðsætt, að ef bærinn á landið, mun umráðum þess og hagnýtingu hagað meir eftir hagsmunum almennings í bæjarfjlaginu, en ef eignin yrði

í umráðum og hagnýtingu privatmanns — prests —, sem ekki er nema eðlilegt að mundi hugsa um að hafa sjálfur sem mest upp úr jörðinni og landinu. Að minsta kosti er ekki loku fyrir það skotið, að svo kynni að fara, er núverandi prestur færi af jörðinni.

Um 5.

Út af umráðum prests og hagnýtingu landsins annars vegar, og út af ágangi búpenings bæjarbúa hins vegar, kynnu á ýmsa lund að geta risið margvislegar deilur eða misklíðarefni. Vjer segjum ekkert um, að svo þurfi nauðsynlega að fara, heldur að eins að ekki sje ólíklegt, að slíkt gæti átt sjer stað. Og það fyrirkomulag, sem er þannig vaxið, teljum vjer óheppilegt, ekki eingöngu vegna bæjarfjelagsins, heldur líka vegna sjálfrar kirkjunnar eða hlutaðeigandi prests. Meðan jarðirnar eru ekki eign bæjarins, er næsta líklegt, að bagsmunir bæjarfjelagsins eða bæjarbúa og prests geti rekið sig á. Og þótt núverandi presti hafi tekist vel í þessu efni, gæti við mannaskiftin orðið breyting á því. Frá peningalegu sjónarmiði kirkjunnar (eða prestlaunasjóðs) ætti salan að vera rjettmæt, frá öðru sjónarmiði kirkjunnar ætti salan að geta talist æskileg.

Um 6.

Siglufjörður ætlar á næstunni að leggja út í hafnarbætur, sem kosta yfir hálfu miljón króna og hann mun kosta að $\frac{3}{4}$. Slík mannvirki getur bærinn varla lagt út í, ef hann á ekki landið áður. En það yrði bæði honum og landinu óhagur, ef nauðsynlegar hafnarbætur færust fyrir.

Það er nú að vísu svo, að alt það pláss, sem líklegt er í fyrirsjáanlegri framtíð að verði notað til byggingar, er þegar leigt út og núverandi prestur á Hvanneyri nýtur allra tekna og nytja, eins og áður, þótt salan verði samþykkt, en mikið af þessu svæði er þó óbyggt enn, og það væri bæjarfjelaginu hæggra að ráða fyrirkomulagi bygginga og gatna á þessu svæði, ef bærinn væri eigandi, heldur en ef bæjarvaldið þyrfti bæði undir leigutaka og leigusala lóðanna að sækja. Þótt samkomulag og samvinna við núverandi umráðamann jarðarinnar sje og muni vera góð, gæti hæglega svo farið, að nýr prestur hefði þær skoðanir á laus þessa máls, er bænum gæti stafað mikið óhagræði af, og það jafnvel án þess kirkjunni væri að því sýnilegur hagur.

Leyningur er litilfjörlegt afdalakot, en væri hentugt til sumarbeitar fyrir kýr.

Siglufirði, 20. júní 1919.

G. Hannesson. Guðm. T. Hallgrímsson. Friðb. Nielsson.

Á fundi bæjarstjórnar Siglufjarðar 26. júní 1919 var ofanrituð greinargerð samþykkt með öllum atkvæðum, og heldur bæjarstjórnin fast við öil atriði greinargerðarinnar.

Lögreglustjórinn á Siglufirði, 28. júní 1919.

G. Hannesson.

Fylgiskjal.

Ú t d r á t t u r

úr fundargerð hjeradsfundar Eyjafjarðarprófastsdæmis 29. júní s. l.

4. liður: Fundurinn mælir með því, að bæjarstjórn Siglufjarðarkaupstaðar verði veitt leyfi til að kaupa prestssetrið Hvanneyri og kirkjujörðina Leyning, en undanskilið sölunni sje þó íbúðarhús prestssetursins á Hvanneyri og heimatúnið þar, fritt haglendi fyrir skepnur næsta prests (☉: komandi prests á Hvanneyri) og svarðarafnot eftir þörfum í Leyningi. Landsstjórnin ákveður kaupverðið.

Rjettan útdrátt úr fundargerðinni staðfestir.

Eyjafjarðarprófastsdæmi. Akureyri, 15. júlí 1919.

Geir Sæmundsson.